

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 1. desember 2022 í máli nr. 26/2022

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 16. mars 2022 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X og Y, hér eftir sóknaraðilar, vegna ágreinings við fyrirtækið Z, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðilar telja að bifreið sem þau festu kaup á af þriðja aðila hafi verið haldin galla þegar hún var upphaflega seld af varnaraðila. Sóknaraðilar krefjast þess að varnaraðili taki bifreiðina til nákvæmrar skoðunar, meti tjónið og lagfæri gallann eða bæti sóknaraðilum þau fjárhagslega tjón sem gallinn hefur valdið. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verið hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með bréfi, dags. 8. apríl 2022, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust til nefndarinnar þann 3. maí 2022. Athugasemdir bárust í kjölfarið frá sóknaraðila þann 4. maí 2022 og frá varnaraðila þann 13. maí 2022. Þann 20. september 2022 óskaði kærunefndin eftir frekari gögnum frá sóknaraðilum og voru umbeðin gögn, ásamt öðrum gögnum, lögð fram fyrir nefndina 7. og 8. nóvember 2022. Var varnaraðila í kjölfarið gefinn kostur á að koma með athugasemdir sínar vegna umræddra gagna sem og varnaraðili gerði þann 11. nóvember 2022.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara og athugasemda sóknaraðila og varnaraðila, afrit af skriflegum samskiptum milli sóknaraðila og varnaraðila, ábyrgðarskilmálar varnaraðila, álit [...], dags. 31. október 2022, afrit úr ökutækjaskrá vegna bifreiðarinnar [...], bilanagreining dags. 7. nóvember 2022, afrit af tækniskýrslu [...] og athugasemdir varnaraðila dags. 11. nóvember 2022.

Með bréfi, dags. 28. nóvember 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Samkvæmt gögnum máls festu sóknaraðilar kaup á bifreið af gerðinni [...], árgerð 2016, með fastanúmerið [...] þann 4. febrúar 2020 fyrir um 2.400.000 krónur af þriðja aðila. Að sögn sóknaraðila hafi bifreiðinni verið ekið vel undir 100.000 km. á kaupdegi. Varnaraðili er umboðsaðili framleiðanda bifreiðarinnar hér á landi.

Snemma árs 2021 hafi sóknaraðilar orðið vör við óreglulegan gang og titring í bifreiðinni. Hafi bifreiðin verið færð á verkstæði [...] í kjölfarið. Skoðun hafi leitt í ljós að festing fyrir rokkerarm hafi brotnað. Að sögn sóknaraðila hafi viðgerðaraðili talið þetta stafa af galla í bifreiðinni. Þar sem löng bið hafi verið eftir varahlutum hafi verkstæðið gert við festinguna með því að sjóða hana saman. Að sögn sóknaraðila hafi starfsmaður verkstæðisins haft samband við varnaraðila vegna

Þessa en fengið þær upplýsingar að bifreiðin væri fallin úr ábyrgð framleiðanda. Stuttu síðar hafi aftur orðið vart við gangtruflanir í bifreiðinni. Hafi fyrrnefnt verkstæði þá tengt bifreiðina við tölvu til álesturs en engin sýnileg villuboð hafi komið fram. Að sögn sóknaraðila sé bilunin nú tengd sjálfskiptingu bifreiðarinnar. Hafi bifreiðin verið metin óökufær af viðgerðaraðila og standi nú óhreyfð þar sem sóknaraðilar hafi ekki ráð á því að greiða viðgerðarkostnað vegna bilunarinnar.

Sóknaraðilar telja að bifreiðina haldna galla og krefjast þess að varnaraðili taki hana til nákvæmrar skoðunar, meti tjónið og lagfæri gallann eða bæti sóknaraðilum hann að fullu. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verið hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðilar benda á að bilunar hafi orðið vart í bifreiðinni snemma á árinu 2021. Hafi varnaraðila verið tilkynnt um bilunina strax af hálfu viðgerðaraðila á [...]. Bifreiðin sé nú ónothæf vegna þeirrar afstöðu varnaraðila að hann beri ekki ábyrgð á gallanum en ekki sé talið öruggt að keyra bifreiðina í þessu ástandi.

Sóknaraðilar kveðast hafa sent erindi til varnaraðila í desember 2021 en því hafi ekki verið svarað af hálfu varnaraðila. Hafi erindið því verið ítrekað í byrjun janúar 2022. Í kjölfarið hafi starfsmaður varnaraðila haft samband við sóknaraðila símleiðis og upplýst sóknaraðila að viðkomandi myndi heyra í „sínu fólki“ og hafa svo samband við sóknaraðila á ný. Að sögn sóknaraðila hafi varnaraðili enn ekki haft samband við þau vegna málsins.

Sóknaraðilar vísa til þess að varnaraðili hafi ekki haft neinn vilja til að ráðleggja eða leiðbeina sóknaraðilum á nokkurn hátt í málinu. Þá þyki sóknaraðilum það undarlegt að varnaraðili hafi komist að þeirri niðurstöðu að bifreiðin væri fallin úr ábyrgð án nokkurrar skoðunar af hans hálfu.

Sóknaraðilar benda á að viðgerðaraðili hafi komist að þeirri niðurstöðu að galli væri í bifreiðinni. Þar af leiðandi telji sóknaraðilar að varnaraðili beri annað hvort að lagfæra gallann eða bæta sóknaraðilum tjóns þeirra vegna hans að fullu. Þar sem um galla sé að ræða geti ekki komið til álita að ábyrgð sé fallin niður og sé það í samræmi við ábyrgðarskilmála varnaraðila.

3.2. Andsvör varnaraðila

Í andsvörum sínum tekur varnaraðili fram að umrædd bifreið hafi verið seld með fimm ára ábyrgð framleiðanda. Umrædd ábyrgð sé tvískipt. Annars vegar sé ábyrgðin ótakmörkuð fyrstu tvö árin hvað akstur varði. Eftir standi þó að framkvæma verði fyrir lagðar þjónustuaðgerðir samkvæmt þjónustuskipulagi, bæði einfaldar athuganir og skipti á rekstrarvörum, svo sem olíu og síum, eftir því sem við eigi. Hins vegar haldi ábyrgðin gildi sínu, að því gefnu að reglubundnu viðhaldi sé sinnt, næstu þrjú árin, til fimm ára aldurs bifreiðar eða þar til bifreiðinni hafi verið ekið 100.000 km, hvort sem á undan komi og falli ábyrgð framleiðanda þá niður að öllu leyti. Varnaraðili kveðst þó horfa til kvörtunarréttarins sem nái til fimm ára án tillits til aksturs gagnvart þeim hlutum sem ætla megi lengri endingu. horfi varnaraðili til viðhaldsparfar, sé hún fyrir hendi.

Varnaraðili vísar til þess að hlutir sem þurfi reglubundið viðhald, svo sem vél, gírkassi, sjálfsskipting, drif o.s.fv., sem og ástandsathugun, olíu- og síuskipti eftir því sem við eigi, til að eðlilegt sé að gera ráð fyrir eðlilegri endingu, séu ekki samþykktir til ábyrgðar nema fyrir liggi að þjónustan hafi sannarlega farið fram og að rétt efni og íhlutir hafi verið notaðir. Að sögn varnaraðila hafi umþrætt bifreið ekki komið til

reglubundinnar þjónustu til varnaraðila. Ekki sé vitað hvort bifreiðin hafi hlotið reglubundna þjónustu á öðrum verkstæðum þar sem þjónustubók hennar hafi ekki verið framvísað til varnaraðila. Í þjónustufyrirmælum bifreiðarinnar varðandi sjálfskiptingu hennar segi að skoða skuli magn og ástand á olíunni árlega eða á 20.000 km. fresti. Við venjulega notkun bifreiðarinnar á að skipta um þessa olíu á 80.000 km. fresti og ef bifreiðin sé notuð við erfiðari aðstæður, svo sem kerrudrátt, akstur á rykugum vegum eða við aðrar óvenjulegar aðstæður, skuli skipta um olíu á 40.000 km. fresti. Varnaraðili vísar til þess að sóknaraðilar hafa ekki lagt fram nein gögn um reglubundna þjónustu við bifreiðina þrátt fyrir að halda því fram að bifreiðin sé haldin galla. Varnaraðili haldi því fram að reglubundið viðhald bifreiða sé mikilvægt og gert til þess að tryggja ætlaða endingu bílhluta og auka öryggi bifreiðarinnar í akstri ef öryggistengd atriði sem þarfnist lagfæringar finnast við slíka skoðun.

Varnaraðili kveðst hafa haft samband við sóknaraðila í kjölfar ítrekunar þeirra á erindi sínu þann 10. janúar 2022. Hafi málin verið rædd og hafi sóknaraðilar ætlað að láta varnaraðila vita á hvaða verkstæði bifreiðin væri svo varnaraðili gæti komið að málinu með einhverjum hætti. Hafi þær upplýsingar ekki borist frá sóknaraðilum, hvorki símleiðis eða með öðrum hætti. Erindi sóknaraðila sem sent hafi verið 22. desember 2021 hafi því miður ekki náð athygli varnaraðila og hafi það ekki verið gert af yfirlögðu ráði.

Varnaraðili vísar til þess að rétti farvegurinn fyrir mál af þessu tagi sé að hin bilaða bifreið sé færð á verkstæði þess aðila sem talinn sé bera ábyrgð eða þjónustumboðs sem hlotið hafi vottun framleiðanda en ekki einhvers annars verkstæðis. Komi til þess að galli sannist innan ábyrgðar- eða kvörtunarréttartímabils greiði varnaraðili jafnan útlagðan flutningskostnað á viðurkennt umboðsverkstæði sé beðið um það, líkt og lög geri ráð fyrir.

Varnaraðili byggir á því að sé miðað við að kvörtun sóknaraðila hafi borist varnaraðila í desembermánuði 2021 séu liðin fimm ár og fimm mánuðir frá því að bifreiðin hafi verið afgreidd frá varnaraðila. Sé kvörtunin því of seint fram komin.

3.3. Athugasemdir sóknaraðila

Í athugasemdum sínum við andsvörum varnaraðila taka sóknaraðilar fram að samkvæmt staðfestingu [...] hafi bilunin í bifreiðinni ekki stafað af skorti á viðhaldi hennar. Umrædd bilun geti því ekki talist sem hluti af eðlilegri endingu hlutarins sem um ræði, enda sé bifreiðin aðeins verið fimm ára.

Sóknaraðilar vísa til þess að í fyrstu þjónustu þeirra hjá [...] hafi komið í ljós að þjónustubók hafi ekki fundist í bifreiðinni. Það geti varla talist óeðlilegt og sé ekki á ábyrgð sóknaraðila. Að sögn sóknaraðila hafi umþrætt bifreið farið í skoðun, þjónustu og smur-og olíuskipti reglulega og þá alltaf til [...]. Telji sóknaraðila óeðlilegt að varnaraðili hafi aldrei í ferlinu boðist til eða krafist þess að fá að sjá staðfestingu á þjónustu bifreiðarinnar, heldur aðeins fullyrt að bifreiðin væri ekki lengur í ábyrgð hjá varnaraðila. Þessar fullyrðingar hafi verið settar fram af starfsmanni varnaraðila í fyrstu samskiptum starfsmanns [...] við varnaraðila eftir að bilunar hafi orðið vart. Sóknaraðili telji því mikla annmarka á þjónustu varnaraðila af gefnu tilefni að hafa ekki óskað eftir því að fá bifreið sóknaraðila til skoðunar á verkstæði varnaraðila eða í það minnsta óskað eftir staðfestingu á mati [...] á tilvist bilunarinnar.

Sóknaraðilar benda á að í erindi þeirra dags. 22. desember 2021 komi fram allar upplýsingar um bifreiðina og að bifreiðin væri á verkstæði [...]. Þó þær upplýsingar hefðu ekki komið fram í því erindi sóknaraðila hefði það ekki átt að átt að standa í vegi fyrir það að varnaraðili myndi afgreiða málið með öðrum hætti en raunin hafi orðið. Starfsmaður varnaraðila hafi símleiðis lofað því hann myndi fylgja málinu eftir innan fyrirtækisins. Það hafi viðkomandi hins vegar ekki gert. Ef sú ósk varnaraðila hefði komið fram í samtali aðila að bifreiðin yrði færð á verkstæði hans til nánari skoðunar hefðu sóknaraðilar brugðist við því strax. Þar sem það hafi ekki verið gert megi líta svo á að varnaraðili hafi ekki sinnt leiðbeiningarskyldu sinni gagnvart sóknaraðilum. Sóknaraðilar telji að vera rétta leiðin í málinu sé sú að varnaraðili skoði bifreiðina á verkstæði sínu og þá fengist niðurstaða í það álitæfni hvort um eðlilega bilun sé að ræða eða galla.

3.4. Athugasemdir varnaraðila

Í athugasemdum varnaraðila kveður hann að starfsmaður sinn hafi haft samband við viðgerðaraðilann, [...], þann 10. maí 2022. Hafi viðgerðaraðilinn kannast við bifreiðina og upplýst varnaraðila að hann hafi gert við aðrar bilanir sem hafi komið upp í henni, þar með talið viðgerð á brotinni festingu við rokkerarm í vél bifreiðinnar. Aðspurður um aðkomu hans að reglubundnu viðhaldi bifreiðarinnar hafi starfsmaður verkstæðisins fullyrt að hann hafi ekki komið að framkvæmd þess. Hafi starfsmaðurinn þá verið inntur eftir því hvort hann hefði skipt um olíu á gírkassa/sjálfskiptingu í bifreiðinni eða öðrum sambærilegum gírkassa. Kvaðst viðkomandi ekki hafa gert það enda ekki réttum tækjum búinn til slíks verks. Sé viðskiptavinum hans jafnan vísað á [...] vegna þessa. Varnaraðili bendir á í þessu samhengi að það verkstæði sé viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda bifreiðarinnar. Þá kveðst varnaraðili hafa haft samband við verkstæðið [...] eftir ábendingu þess efnis frá starfsmanni [...]. Hafi varnaraðili fengið þær upplýsingar að umþrætt bifreið hafi ekki verið í reglubundnu viðhaldi hjá því verkstæði.

Þvert á það sem sóknaraðilar haldi fram í málinu, kveðst varnaraðili ekki hafa fest sér skoðun á því hvort bifreiðin sé haldin galla eða ekki, enda hafi engin gögn verið lögð fram til stuðnings þeirri fullyrðingu sóknaraðila. Það sem varnaraðili gangi út frá sé sú staðreynd að bilunin hafi orðið utan ábyrgðartímabils og kvörtunarfrests. Ágreiningur aðila varði í raun ábyrgðarskyldu varnaraðila á bilun í sjálfskiptingu með tilliti til tímamarka.

Varnaraðili ítrekar að bifreiðin hafi verið seld með ábyrgð í fimm ár, takmörkuð við 100.000 km. akstur. Á síðasta degi hinnar lögbundnu tveggja ára ábyrgð ljúki henni og við taki framlenging sem gildi út kvörtunarfrestinn nema bifreiðinni hafi verið ekið meira en 100.000 km. en þá reyni á réttinn samkvæmt kvörtunarfrestinum. Hin umþrætta bifreið hafi upphaflega verið seld frá varnaraðila 10. júní 2016 og því hafi kvörtunarfrestinum því lokið 10. júní 2021. Varnaraðili bendir á að sé bifreið ekki lengur innan ábyrgðartímabils þurfi eigandi hennar að vera tilbúinn að standa straum af kostnaði við greiningu, sem sé þá felld niður ef smíða- eða samsetningargalli finnist og að hann sé kominn fram innan settra tímamarka. Vísar varnaraðili í þessu sambandi til ákvæða 27. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup.

Varnaraðili kveður starfsmann [...] hafa upplýst varnaraðila um að þegar bilunar varð vart aftur í hinnar umþrættu bifreiðar hafi starfsmaður verkstæðisins dregið þá ályktun að vandinn væri tengdur afli vélarinnar eða þá bilun í

sjálfskiptingu bifreiðarinnar. Hafi viðkomandi ráðlagt sóknaraðilum að hafa samband við verkstæðið að [...] sem séu sérfræðingar í sjálfskiptingum. Að sögn varnaraðila hafi starfsmenn [...] fullyrt að þeir hafi ekki haft samband við varnaraðila þá líkt og sóknaraðilar haldi fram í málinu.

IV Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Sóknaraðilar eru eigendur bifreiðar af gerðinni[...] , árgerð 2016 sem þau keyptu af þriðja aðila þann 4. febrúar 2020. Kvörtun sóknaraðila er beint að varnaraðila sem er umboðsaðili framleiðanda bifreiðarinnar á Íslandi. Bilunar varð vart í bifreiðinni snemma árs 2021 og færðu sóknaraðilar hana til viðgerðar á verkstæði [...] . Skoðun bifreiðarinnar leiddi í ljós að festing fyrir svokallaðan rokkarm væri brotin. Þar sem afhendingartími varahluta var langur reyndi starfsmaður verkstæðisins að gera við festinguna með því að sjóða hana saman. Stuttu síðar varð bilunar vart í bifreiðinni á ný. Bifreiðin var þá færð á sama verkstæði og áður. Var bifreiðin þá tengd við tölvu tvívegis til álesturs en án þess að sýnileg villuboð kæmu fram. Hefur bifreiðin verið metin öökufær þar til viðgerð verður framkvæmd. Sóknaraðilar tilkynntu varnaraðila um bilunina með erindi sínu dags. 22. desember 2021 sem var ítrekað 10. janúar 2022. Sóknaraðilar telja bifreiðina haldna galla og krefjast þess að varnaraðili taki hana til nákvæmrar skoðunar, meti tjónið og lagfæri gallann eða bæti sóknaraðilum hann að fullu. Varnaraðili krefst þess að kröfum sóknaraðila verið hafnað.

Undir rekstri málsins hjá kærunefndinni var óskað eftir því að sóknaraðilar legðu fram frekari gögn með það fyrir augum að upplýsa málið betur. Þann 7. nóvember 2022 bárust kærunefndinni meðal annars yfirlit úr ökutækjaskrá vegna bifreiðarinnar, skrifleg staðfesting [...] dags. 31. október 2022, bilanagreining dags. 7. nóvember 2022 og tækniskýrsla [...] . Í kjölfar þessa var varnaraðila gefinn kostur á að bregðast við fram komnum gögnum sem varnaraðili gerði þann 11. nóvember 2022.

Í framlagðri staðfestingu [...] segir eftirfarandi: „*Snemma árs 2021 fór bíllinn að bila og var komið með hann til viðgerðar á [...] . Bíllinn var ekinn um 114 þúsund kílómetra. Þar kom í ljós að festing fyrir rokk-arm var brotin. Það kom í ljós að varahlutur tæki allmarga mánuði að berast til landsins og því reyndi starfsmaður verkstæðisins að sjóða hann saman. Þegar vinna við samsetninguna hófst fannst starfsmanni verkstæðisins málið heldur skrítið og taldi að um galla væri að ræða í arminum. Hann hafði samband við umboðið, . [...], þar sem sá sem svaraði þar sagðist ekki vilja viðurkenna ábyrgð umboðsins þar sem bíllinn væri dottinn úr ábyrgð. Starfsmaðurinn sauð arminn og var bíllinn leystur út. Um tveimur mánuðum síðar fór bíllinn aftur að bila og varð öökufær. Farið var með bílinn á sama verkstæði þar sem starfsmenn verkstæðisins reyndu að tengja við tölvu til að sjá bilunina en það kom aldrei neitt úr því. Bíllinn er enn í sama ástandi.“*

Varnaraðili byggir á því að hin framlögðu gögn breyti ekki afstöðu hans í málinu. Varnaraðili kveður framangreinda staðfestingu [...] vera vegna bilunar sem hafi orðið í mótur bifreiðarinnar á fyrri hluta árs 2021. Varnaraðili kveður engin gögn til staðar um að tilgreint samtal starfsmanns [...] og varnaraðila hafi átt sér stað auk

Þess sem fyrir liggir að bifreiðin hafi ekki verið færð til skoðunar hjá varnaraðila vegna þessarar bilunar. Þá hafi sú aðgerð að sjóða umrædda festingu saman gert það ómögulegt að sýna nú fram á galla í bifreiðinni. Þá telji varnaraðili óljóst af þessari staðfestingu hvort bifreiðin sé nú óökufær vegna þeirrar bilunar sem [...] kveðst hafa gert við með því að sjóða saman hina brotnu festingu eða hvort bifreiðin sé óökufær vegna bilunar í gírkassa bifreiðarinnar. Þá kveðst varnaraðili ekki gera neina athugasemd við framlagða bilanagreiningu dags. 7. júlí 2022. Varpi hún ljósi á ástand kerfa bifreiðarinnar þann dag, þar með talið eina eldri óvirka tilkynningu vegna vélar bifreiðarinnar og eina virka bilun í gírkassa [...] og eina óvirka [...]. Það að bilanakóðar séu hinir sömu og fram komi í tækniskýrslu [...] þýði það ekki að orsökkin sé hin sama þar sem um mismunandi gerðir gírkassa sé að ræða. Loks tiltekur varnaraðili að tækniskýrsla [...] hafi verið gefin út í Norður Ameríku. [...] hafi ekki birt varnaraðila þessa skýrslu enda hafi engin bifreið verið seld í Evrópu, utan Úkraínu, með [...] gírkassa. Hin umþrætta bifreið sé hins vegar með [...] gírkassa.

Samkvæmt upplýsingum úr ökutækjaskrá, seldi varnaraðili bifreiðina 30. júní 2016. Þegar sóknaraðilar, sem eru þriðju eigendur bifreiðarinnar, kvörtuðu undan galla í bifreiðinni við varnaraðila þann 22. desember 2021 voru því liðin um fimm ár og tæplega fimm mánuðir frá upphaflegum kaupunum en í málinu liggur fyrir að varnaraðili er umboðsaðili framleiðanda bifreiðarinnar héraendis, flutti bifreiðina inn og seldi hana nýja.

Í 35. gr. laga nr. 48/2003 um neytendakaup (nkpl.) er fjallað um heimild neytanda til að gera kröfu á fyrri söluaðila að tilteknum skilyrðum uppfylltum. Í 1. mgr. ákvæðisins segir að neytandi geti borið gallakröfu sína á hendur seljanda fram gegn fyrri söluaðila ef sams konar krafa vegna gallans verður höfð uppi af seljanda eða öðrum sem öðlast hefur hlutinn frá fyrri söluaðila. Í 3. mgr. sömu greinar segir að ákvæði 27. gr. laganna um tilkynningar gildi með samsvarandi hætti um ákvæði 35. gr. Leiðir af framangreindu að sóknaraðilum er heimilt samkvæmt lögnum að gera gallakröfu á hendur fyrri söluaðila, sem er varnaraðili, og að tilkynningarreglur 27. gr. laganna gildi um þennan rétt sóknaraðila.

Í 27. gr. nkpl. er fjallað um tímafresti neytenda til að bera fyrir sig galla. Í 1. mgr. ákvæðisins segir: „Ef söluhlutur er gallaður ber neytanda að tilkynna seljanda að hann muni bera fyrir sig án ástæðulauss dráttar frá því hann varð galla var eða mátti verða hans var. Frestur neytanda til að leggja fram kvörtun er aldrei styttri en tveir mánuðir frá því að hann varð galla var.“ Þá segir í 2. mgr. 27. gr. nkpl.: „Ef neytandi leggur ekki fram kvörtun innan tveggja ára frá þeim degi er hann veitti söluhlut viðtöku getur hann ekki borið gallann fyrir sig síðar. Ef söluhlut, eða hlutum hans, er ætlaður verulega lengri endingartími en almennt gerist um söluhluti er frestur til að bera fyrir sig galla fimm ár frá því að hlutnum er veitt viðtaka...“

Kröfur sóknaraðila í málinu eru þær að varnaraðili taki bifreiðina til nákvæmrar skoðunar, meti tjónið og lagfæri gallann eða bæti sóknaraðilum það fjárhagslega tjón sem gallinn hafi valdið. Vísa sóknaraðilar til þess að bilunar hafi fyrst orðið vart snemma árs 2021 og hafi þau fengið þriðja aðila til að gera við bifreiðina. Bilunar hafi aftur orðið vart stuttu síðar og hefur viðgerð vegna hennar ekki átt sér stað enn. Þar sem hvergi er tilgreint í framlögðum gögnum máls hvenær framangreind viðgerð var framkvæmd sem og hvenær nákvæmlega bifreiðin bilaði á ný, óskaði kærunefndin eftir upplýsingum eða gögnum frá sóknaraðilum sem varpað gætu nánari ljósi á það. Í bréfi sínu til nefndarinnar þann 22. nóvember 2022 upplýstu sóknaraðilar að ekki væri unnt að veita frekari upplýsingar aðrar en þær

að viðgerð á bifreiðinni hafi farið fram „snemma árs 2021“ en enginn reikningur hafi verið gefinn út af hálfu viðgerðaraðila vegna hennar þar sem um vinnuskipti milli sóknaraðila og viðgerðaraðila hafi verið ræða. Að mati kæruneftndar verða sóknaraðilar að bera hallann af óvissu í þessum efnunum og verður að leggja til grundvallar að „snemma árs 2021“ þýði í síðasta lagi að þeim hafi verið ljóst ekki síðar en í mars 2021 hvers eðlis var. Engu að síður kvörtuðu sóknaraðila ekki undan bilun í bifreiðinni við varnaraðila fyrr en um níu mánuðum síðar. Í því sambandi hefur einnig sérstaka þýðingu að þá hafði þegar farið fram viðgerð á bifreiðinni af hálfu þriðja aðila. Að framansögðu virtu er það mat kæruneftndarinnar að sóknaraðilar hafi ekki kvartað undan galla á bifreiðinni án ástæðulauss dráttar í skilningi 1. mgr. 27. gr. nkpl. Þá var einnig liðinn hámarksfrestur 2. mgr. 27. gr. nkpl. þegar tilkynningin barst, en sóknaraðilar kvörtuðu, sem fyrr segir, ekki undan gallanum við varnaraðila fyrr en fimm árum og tæplega fimm mánuðum eftir að bifreiðin var upphaflega afhent.

Við mat á framangreindum tilkynningarfrestum breytir engu, að mati kæruneftndar, að sóknaraðilar haldi því fram að viðgerðaraðili hafi á óljósu fyrra tímamarki haft samband við starfsmann varnaraðila símleiðis og rætt við hann um fyrri bilun bifreiðarinnar. Varnaraðili hefur hafnað því að samtalið hafi átt sér stað, auk þess sem slíkt samtal uppfyllir ekki skilyrði 1. mgr. 27. gr. nkpl. um að neytandi verði að tilkynna seljanda um að hann „muni bera gallann fyrir sig“. Loks eru engar vísbendingar um það í málinu að varnaraðili hafi sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans á annan hátt í ósamræmi við heiðarleika og góða trú þannig að réttlæti að vikið sé frá umræddum tilkynningarfrestum, sbr. 2. másl. 4. mgr. 27. gr. nkpl.

Með vísan til alls framangreinds er kröfum sóknaraðila hafnað.

V

Úrskurðarorð

Kröfu sóknaraðila, X og Y, er hafnað.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson